

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

31. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2016, fimmtudaginn 7. júlí. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Birgir Ragnarsson varamaður Valgeirs Scott, Halldóra Pétursdóttir, Hulda Gunnarsdóttir varamaður Guðbjargar Bergmundsdóttur og Pétur G. Markan, sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 5 fundar menningar og kynningarnefndar frá 24. júní
2. Svæðisáætlun fyrir Vestfirði – Fjórðungssamband Vestfirðinga.
3. Boð á haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 4.
4. Samningaviðræður um nýtingu vatnsafls til raforkuframleiðslu í Súðavíkurhreppi.
5. Söguritun – Saga Súðavíkurhrepps.
6. Heimsókn til Færeyja í tilefni 20 ára gjafar leikskólans í Súðavík.
7. Vestfjarðarnefnd 2016 – kynning frá sveitarstjóra.
8. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014-2018.
9. Umsjónarmaður Samkomuhússins í Súðavík.
10. Trúnaðarmál.
11. Fundargerð Sambands ísl. Sveitarfélaga nr. 841
12. Fundargerð stjórnar Byggðasafns Vestfjarða

13. Sumarfundur Landshlutasamtaka 9. – 10. júní – fundargerð.

1.
 - a) Sveitarstjórn óskar eftir því að leiga á Langeyri verði ekki hluti af samningi við Þórð. Samþykkt.
 - b) Til umræðu og kynningar.
 - c) Til umræðu og kynningar.
 - d) Umræðunni vísað til 6. liðar á fundinum.
 - e) Samþykkt.
 - f) Samþykkt.
 - g) Samþykkt.
 - h) Til umræðu og kynningar.
2. Vísað til skipulags og byggingarnefndar Súðavíkurhrepps til umsagnar.
3. Staðfest.
4. Afgreiðslu málsins frestað til næsta sveitarstjórnarfundar.
5. Lagt fram erindi frá Sögufélagi Súðavíkur sem barst sveitarstjórn 7. júlí 2016, fundardag 31. fundar sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps.

Farið er fram á 2. milljóna styrk frá sveitarfélaginu til að ljúka við útgáfu á bókinni Saga Súðavíkur, þar sem land og haf haldast í hendur.

Á 18. fundi sveitarstjórnar þann 20 ágúst 2015 var eftirfarandi samþykkt:

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir viðbótarstyrkveitingu til Sögufélags Súðavíkurhrepps, að upphæð 3 milljónir, vegna lokavinnu við söguritun Súðavíkurhrepps með eftirfarandi skilyrðum;

Styrkurinn er lokaframlag til Sögufélags Súðavíkurhrepps vegna söguritunnar Súðavíkurhrepps.

Allar tekjur af sölu bókarinnar munu skiptast á milli Súðavíkurhrepps og sögufélags Súðavíkurhrepps í hlutfalli við útlagðan kostnað vegna bókarinnar.

Sveitarstjóra verði falið klára uppgjörsmál vegna söguritunnar í samvinnu við Sögufélag Súðavíkurhrepps með vísan í ofangreint.

Sveitarstjóra falið að gera viðauka á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins með vísan í samþykktan styrk að upphæð 3 milljónir.

Ljóst er að enn og aftur standast ekki áætlanir og plön vegna vinnu bókarinnar. Það eru mikil vonbrigði fyrir sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að ekki hafi tekist að klára útgáfu bókarinnar fyrir þann lokastyrk sem sveitarfélagið veitti Sögufélaginu í ágúst 2015.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps heimilar sveitarstjóra að ganga frá seinni greiðslu vegna prentunar bókarinnar. Um er að ræða 680 þús. auk sendingarkostnaðar.

Samþykkt sveitarstjórnar er háð þeim skilyrðum að allar tekjur af bókinni mun skiptast á milli Súðavíkurbrepps og Sögufélagsins í hlutfalli við útlagðan kostnað.

Sala bókarinnar verður í höndum Sögufélagsins og uppgjör vegna hennar sömuleiðis í höndum sögufélagsins.

Samkomulag þessa efnis þarf að liggja fyrir skriflegt áður en greiðsla verður kláruð.

Sveitarstjóra falið að ganga frá viðauka á fjárhagsáætlun 2016 sem þessari samþykkt nemur.

Samþykkt samhljóða.

6. Rætt um mögulega gjöf til Færeyinga. Dagbjört Hjaltadóttir mun leiða þá vinnu fyrir hönd Súðavíkurbrepps.

Sveitarstjóra falið að vinna að ferðinni áfram.

7. Kynning frá sveitarstjóra.
8. Kynning frá sveitarstjóra.
9. Sveitarstjóri leggur fram þá tillögu að Birgir Ragnarsson verði umsjónarmaður Samkomuhússins.

Samþykkt samhljóða.

10. Fært í trúnaðarbók sveitarfélagsins.
11. Lagt fram.
12. Lagt fram.
13. Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:00

Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti

Birgir Ragnarsson

Hulda Gunnarsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

